

Boðun XXXV. landsþings Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Til : Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>
Frá : Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>
Heiti : Boðun XXXV. landsþings Sambands Íslenskra sveitarfélaga
Málsnúmer : 2020010076
Málsaðili : Samband Íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 17.10.2020 14:59:56
Höfundur : Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>

Viðhengi [Boðun landsþings XXXV - des 2020.pdf](#)[Boðun landsþings XXXV - des 2020.pdf](#)
[image001.gif](#)[image001.gif](#)

Til allra sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga,

Mýrdalshreppur 17. október 2020

Samkvæmt 7. gr. samþykktu Sambands Íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXV. landsþings sambandsins föstudaginn 18. desember nk.

Í ljósi aðstæðna verður landsþingið haldið rafrænt og hefst það kl. 10:00 og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 13:00 sama dag. Nánari upplýsingar um dagskrá og tæknilega útfærslu verða send út þegar nær dregur.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykktu sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 30. nóvember 2020.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Kv. Valur Rafn

Með kveðju / best regards

VALUR RAFN HALLDÓRSSON
SVIÐSSTJÓRI / DIRECTOR

rekstrar- og útgáfusvið / secretariat and communication



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
ICELANDIC ASSOCIATION OF LOCAL AUTHORITIES
DET ISLANDSKE KOMMUNEFORBUND

Borgartún 30 | Pósthólf 8100 | 128 REYKJAVÍK | Sími 515 4915 | 868 1895
www.samband.is | samband@samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og

viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.